

# Nokkur verkefni Ferðamálasteturs

## Þolmörk ferðamennsku á ferðamannastöðum á Íslandi

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að þessu verkefni. Rannsóknin er samstarfsverkefni Ferðamálaráðs Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Ferðamálastetur Íslands kom að verkefninu síðari stigum þess en verkefnið var styrkt af Rannís. Skoðaðir eru fjórir þættir ferðamennsku á nokkrum ferðamannastöðum á Íslandi og reynt að meta hvort þolmörkum beirra sé náð. Þættirnir eru náttúrulegt og mangert umhverfi og félagsleg viðhorf þ.e. upplifun ferðamanna og viðhorf heimamanna. Út eru komnar skýrslur um þjóðgarðinn í Skafafelli, friðlandið á Lónsörfum og Landmannalaugar. Er rannsóknin mikilvært framlag til stefnumótunar í íslenskri ferðapjónustu.

## Viðhorf ferðamanna í hvalaskoðunarferðum

Verkefninu var hrundið af stað árið 2002 af tveimur nemendum á ferðapjónustusviði Háskólans á Akureyri. Að beiðni þeirra tók Ferðamálastrið ásamt Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri við verkefninu þar sem það hafði vaxið mjög að umfangi. Niðurstöður vöktu athygli sérstaklega í ljósi þess að ári síðar hófust aftur hvalveiðar við Ísland. Steft er að því að rannsóknin verði endurtekin síðar svo samanburður náist og frekari upplýsingar um mikilvægi hvalaskoðunar fyrir íslenska ferðapjónustu.

## Náttúrulegar baðlaugar

Rannsókn er lýtur að náttúrulegum baðlaugum hófst sumarið 2004. Er hún unnni í samstarfi við Háskólastrið í Hveragerði, Ferðamálaráð Íslands og Prokaria ehf. Er verkefnið m.a. styrkt af Byggðastofnun. Leitast var við að rannsaka eiginleika íslenskra náttúrulega í efna- og erfðafræðilegu samhengi. Slíkar laugar hafa lengi verið tengdar ímynd Íslands sem ferðamannalands og verið hluti af uppbryggingu heilsutengdrar ferðapjónustu. Samhlíða því var rætt við heimamenn og viðhorf þeirra könnuð til nýtingar lauganna og sá Ferðamálastrið um þann hluta rannsóknarinnar. Auk þess var safnað upplýsingum um allar sundlaugar á landinu sem opnar eru almenningi til þess að auka gildi upplýsinganna fyrir hinn almenna ferðamann.

## Hagræn áhrif ferðamanna

Mikil þörf hefur verið á upplýsingum um hagræna hlið ferðapjónustunnar og því var farið af stað með rannsókn sem beinist að hagrænum áhrifum ferðapjónustu á Akureyri. Er verkefnið unnið í samstarfi við hagfræðinga. Reynt verður að fá svör við premur megin spurningum: Hverjar eru sölutekjur fyrirtækja í ferðapjónustu? Hverjar eru launagreiðslur fyrirtækja í ferðapjónustu? Hversu mörg eru ársverk fyrirtækja í ferðapjónustu? Fyrsta hluta rannsóknarinnar er nú lokið en hún fólst í spurningakönnun sem lögð var fyrir viðskiptavini ýmissa ferðapjónustufyrirtækja. Áætlað er að verkefninu ljúki á næsta ári.

## Stjórnunarhættir í ferðapjónustu

Fyrirhuguð er könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum sem unnin verður af Inga Rúnari Eðvarðssyni, professor við viðskiptadeild HA, Hafðísi Björgu Hjálmarsdóttur, lektor við viðskiptadeild HA og Helga Gestssyni, forstöðumannni FMSÍ og lektor við viðskiptadeild HA. Könnunin verður notuð til samaburðar á niðurstöðum könnunar sem þrír háskólkennarar hjá viðskiptadeild Háskólans á Akureyri létu gera hjá úrtaki fyrirtækja og stofnana á Íslandi.

## Stjórn Ferðamálasturs Íslands skipa:

**Ingjaldur Hannibalsson**, Háskóla Íslands, stjórnarformaður.  
**Gunnar Karlsson**, Háskolanum á Akureyri, varaformaður stjórnar.  
**Anna Dóra Sæþórssdóttir**, Háskóla Íslands.  
**Áslaug Alfreðsdóttir**, Samtökum Ferðapjónustunnar.  
**Elías Bj. Gíslason**, Ferðamálaráði Íslands.  
**Guðrún Þóra Gunnarsdóttir**, Hólaskóla.  
**Hafðís Björg Hjálmarsdóttir**, Háskólanum á Akureyri.



# Ferðamálastetur Íslands

Ferðamálastetur Íslands var stofnað í september 1999, en stofnunin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Þessar tvær menntastofnanir hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvor annars, efla rannsóknir og menntun, tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, þar með talið í ferðamálum.

Ferðamálastrinu er ætlað að vera miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengast ferðamálum. Markmið stofnunarinnar er m.a. að efla rannsóknir og menntun á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál. Ferðamálastrið hefur aðsetu í Borgum, við Háskólanum á Akureyri, og þar fer starfsemin fram.

Auk rannsókna og fræðslu stendur Ferðamálastetur Íslands fyrir ráðstefnum um málefni er snerta ferðapjónustuna. Mikilvægt er að fá hingað til lands fyriresara með viðtæka þekkingu á því sviði og færa þannig nýja vídd í umræðuna um ferðamál hér á landi. Skemmt er að minnast ráðstefnu um hagræn áhrif ferðapjónustu sem haldin var í maímaðu Íslands. Þar var meðal fyriresara prófessor Tom Baum, forstöðumaður ferðamáladeilda Háskólans í Strathclyde í Skotlandi. Næsta vor er fyrirhugað ráðstefna um stjórnun þjónustugæða í ferðapjónustu og þá um haustið mun Ferðamálastrið bjóða til norrænnar ráðstefnu um rannsóknir um ferðamál og ferðapjónustu.

## Starfsmenn



### Bergþóra Aradóttir

Bergþóra lauk 2ja ára diplomanámi í ferðamálafræðum frá Lillehammer 1987, B.S.-námi í landafræði við Háskóla Íslands árið 1993 og mastersnámi í menningarlandafræði frá Uppsala Háskóla í Svíþjóð 1998. Bergþóra hóf störf hjá Ferðamálastrinu í janúar 2003 og starfar við ýmis verkefni.



### Kristín Sóley Björnsdóttir

Kristín Sóley lauk B.A.-námi í þýsku við Háskóla Íslands árið 1996, B.S.-námi í menningarlandafræði með áherslu a ferðamál árið 2001 og mastersprófi á sama sviði frá Viðskiptaháskólanum í Gautaborg árið 2002. Kristín hóf störf hjá Ferðamálastrinu í maí 2002. Áherslur hennar liggja einkum á sviði menningartengrar ferðapjónustu.



### Helgi Gestsson

Helgi Gestsson lauk Cand. Oecon-námi við viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1987. Hann var framkvæmdastjóri fataverksmiðjunar Gefjunar frá 1988 til 1990. Helgi starfaði í tíu ár sem lektor við Tækni-skóla Íslands frá árinu 1990, þar af tvö ár sem deildarstjóri rekstrardeilda skólans. Frá hausti árs 2000 tók hann við starfi lektors við viðskiptadeild HA. Hann tók í september á þessu ári við starfi forstöðumanns Ferðamálasturs Íslands í leyfi Arnars Más Ólafssonar. Helgi hefur frá upphafi árið 1997 verið einn af matsmönnum íslensku gæðaverðlaunanna.



### Markmið

- Að efla og samhæfa rannsóknir í ferðamálafræðum á Íslandi.
- Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði ferðamála.
- Að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum.
- Að veita upplýsingar og ráðgjöf í ferðamálafræðum.
- Að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.

## Verðlauna-samkeppni

Stjórn FMSÍ hefur ákveðið veita 100.000 króna verðlaun fyrir lokaverkefni um ferðamál á Íslandi sem unnið er við íslenskan háskóla skólaárið 2004-2005. Leitað verður til háskólkennara um að tilnefna athyglisverð lokaverkefni nemenda sinna um ferðamál þar sem fræði, fagmennska, náttúruvitund, hagnýting og/eða nýsköpun hafa verið lögð til grundvallar við úrlausn. Sérstök dómnefnd skipuð af stjórn FMSÍ mun síðan velja verðlaunaverkefni úr hópi tilfændra verkefna.

stefnu um rannsóknir í félagsvíndum við Háskóla Íslands. Rannsókninni er ætlað að kanna hvernig samstarfi fyrirtækja í ferðapjónustu á landsbyggðinni er háttáð. Reynt verður að draga fram hvaða bættir einkenna árangursríkt samstarf ferðapjónustufyrirtækja á landsbyggðinni, hvernig þau geti tileinkað sér þá þætti sem nauðsynlegir eru til að samstarf verði árangursríkt og það hvernig ávinnungur af slíku samstarfi geti leitt til aukinnar samkeppnishæfni ferðapjónustufyrirtækja á landsbyggðinni.

### Gásir

Ferðamálastetur Íslands hefur tekið virkan þátt í Gásaverkefni en það er þverfaglegt verkefni sem m.a. lýtur að því að nýta fornminjarnar að Gásum sem lið í uppbyggingu menningartengdrar ferðapjónustu við Eyjafjörð. Helstu samstarfsaðilar eru Minjasafnið á Akureyri, Þjóðminjasafni Íslands, Fornleifastofnun Íslands, Hörgárvöllur, Umhverfisstofnun Íslands; náttúruverndarsvið, Náttúruræðistofnun Íslands; Akureyrarsetur, RALA á Möðruvöllum, Ferðamálaráð Íslands og Gásafélagið.

### Menningarferðapjónusta á Norðurlandi - Eyjafjörður

Verkefni sem unnið er af Ferðamálastrið Íslands í samstarfi við Hólaskóla. Markmiðið er að rannsaka tengsl menningar og menningarárfs við ferðamennsku á Eyjafjarðarsvæðinu, draga fram menningarleg sérkenni og þau greind frá sjónarmiði gesta og gestgjafa, jafnframt eru könnuð áhrif menningarferðapjónustu á menningstarf og framboð menningar á svæðinu. Áætlað er að verkefninu ljúki í byrjun ársins 2006. Verkefnið hefur verið styrkt af Háskólasjóði KEA.

### Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis

Ferðamálastetur Íslands mun starfa með stjórn Vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðis, Attvinnupróunarfélagi Eyjafjarðar og Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi að stjórnun og rannsóknunum sem tengast tilurð og eflingu ferðapjónustukla á svæðinu. Markmið samstarfsins er efling ferðapjónustu.

### Norræn rannsókn

Ferðamálastetur Íslands tekur þátt í norrænu rannsóknarverkefni um skapandi klasa, „Dynamiske beslutningssituitioner i kreative industrier“. Verkefnið er samstarfsverkefni sex norrænna háskólastofnana undir stjórn Jon Sundbo, professors við háskólanum í Hrðarskeldu í Danmörku. Sótt hefur verið um fjármögnun verkefnisins til Nordisk Innovation Center og er fyrirhugað að kynna niðurstöður verkefnisins á norrænu rannsóknarráðstefnumi sem haldin verður á Akureyri í september á næsta ári.

### Stjórnunarhættir í ferðapjónustu

Fyrirhuguð er könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum sem unnin verður af Inga Rúnari Eðvarðssyni, professor við viðskiptadeild HA, Hafðísi Björgu Hjálmarsdóttur, lektor við viðskiptadeild HA og Helga Gestssyni, forstöðumannni FMSÍ og lektor við viðskiptadeild HA. Könnunin verður notuð til samaburðar á niðurstöðum könnunar sem þrír háskólkennarar hjá viðskiptadeild Háskólans á Akureyri létu gera hjá úrtaki fyrirtækja og stofnana á Íslandi.